

dags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi 24. marz 1953.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda hér fyrir dóminum, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Jóni Kristjánssyni, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, upp kveðnum 24. marz 1953.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1956.

Nr. 1/1956. Bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar f. h.  
bæjarsjóðs  
gegn  
Steinþóri Pálssyni Árdal og gagnsök.

Dóminu skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Felldur úr gildi úrskurður fúgetadóms um frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Magnús E. Guðjónsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Aðalkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. f. m. Hann krefst þess, að úrskurður fúgetadómsins verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir fúgeta að kveða á um efni málsins og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Gagnkærandi hefur af sinni hendi kært mál þetta með ódagsettri kæru, er barst Hæstarétti eftir lok kærufrests samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar frávísun, svo og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi aðalkærandanda eftir mati Hæstaréttar.

Kröfu gagnkærandanda um málskostnað í héraði ber að vísa frá Hæstarétti, þar sem kæra hans er of seint fram komin, svo sem áður greinir.

Aðalkærandi hafði fyrir fúgetadómi uppi þá kröfu, að lög-  
tak yrði framkvæmt fyrir eftirstöðvum útsvars, sem gagn-  
kærandanda var árið 1954 gert að greiða Siglufjarðarkaupstað  
fyrir útsvarsárið 1953. Úrskurður sakadóms Eyjafjarðar-  
sýslu 8. desember 1954 um heimilisfang gagnkærandanda í Öng-  
ulstaðahreppi á því ári sker eigi úr um skyldu hans til greiðslu  
nefndrar útsvarsskuldar. Fúgeta var því rétt að veita efnis-  
úrlausn um lögtakskröfuna og kveða á um það, hvort lögtak  
skyldi framkvæmt. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úr-  
skurður úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til lög-  
legrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnkærandi greiði aðal-  
kærandanda kærumálskostnað, kr. 700.00.

#### Dómsorð :

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er mál-  
inu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Gagnkærandi, Steinþór Pálsson Árdal, greiði aðal-  
kærandanda, bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæj-  
arsjóðs, kærumálskostnað, kr. 700.00, að viðlagðri aðför  
að lögum.

#### Úrskurður fúgetadóms Keflavíkurflugvallar 14. desember 1955.

Gerðarþola, Steinþóri Pálssyni Árdal, var gert að greiða í út-  
svar 1954 til bæjarsjóðs Siglufjarðar kr. 8595.00. Upp í það hafði  
verið tekið af launum gerðarþola kr. 1715.00, og síðan lækkaði  
niðurjöfnunarnefnd útsvarið um kr. 595.00, og eru eftirstöðvar  
útsvarsins því kr. 6285.00.

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur bæjar-gjaldkerinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að útsvarið verði innheimt með því, að lögtak verði látið fram fara í eign gerðarþola, sem nú dvelur á Keflavíkurflugvelli, til tryggingar lögtakskröfunni, kr. 6285.00, auk 6% dráttarvaxta frá 1. september 1954, og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Er lögtaksbeiðnin var tekin fyrir í fógetaréttinum 9. þ. m. og lögtak skyldi fram fara, krafðist umboðsmaður gerðarþola þess, aðallega að málinu yrði frávísað, en til vara, að hin umbeðna lögtaksgerð næði eigi fram að ganga. Byggir umboðsmaður gerðarþola aðalkröfu sína á því, að búíð sé að úrskurða í sakadómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 8. desember 1954 um heimilisfesti gerðarþola, þegar álagning útsvara fór fram á því ári, þ. e., að það sé þá að Öngulstöðum í Öngulstaðahreppi. Telur hann, að fógetaréttur Keflavíkurflugvallar, sem sé hliðsettur dómstóll sakadómi Eyjafjarðarsýslu, geti ekki breytt úrskurði hins síðarnefnda dómstóls, sem hafi kveðið upp úrskurð um heimilisfesti gerðarþola, en á því byggist útsvarsskyldan.

Varakröfu sína byggir umboðsmaður gerðarþola á því, að umbjóðandi hans hafi um langt árabil verið úr öllum tengslum við Siglufjarðarkaupstað. Hafi hann ekki talið þar fram til skatts gjaldár 1954, en tilkynnt bæjarstjóranum á Siglufirði munnlega, að hann myndi flytja lögheimili sitt þaðan um áramótin 1953—1954. Enn fremur sé það upplýst, að oddviti Öngulstaðahrepps hafi tilkynnt Hagstofunni bréflaga 2. apríl 1954, að 27. marz s. á. hafi borizt tilkynning frá Halldóri bónda að Öngulstöðum um, að gerðarþoli eigi þar lögheimili frá og með 1. janúar 1954. Sé það eigi sök gerðarþola, þótt dráttur hafi orðið á, að Hagstofan tilkynnti bæjarfógetanum á Siglufirði þetta.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Kveður hann það algerlega upplýst og óumdeilanlegt, að gerðarþoli hafi átt lögheimili á Siglufirði allt árið 1953. Því hafi samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna verið lagt útsvar á gerðarþola á Siglufirði árið 1954. Hafi niðurbjörgun útsvara á Siglufirði verið lokið, löngu áður en tilkynning um aðsetursskipti gerðarþola barst Siglufjarðarkaupstað, en það var 14. september 1954 í bréfi frá Hagstofu Íslands samkvæmt ósk oddvita Öngulstaðahrepps. Upplýst sé í málinu, að gerðarþoli tilkynnti ekki oddvita Öngulstaðahrepps fyrr en 27. marz 1954, að hann teldi sig eiga lögheimili þar í hreppi, en þá voru liðnir nærri tveir mánuðir, frá því álagning útsvara hófst á Siglufirði. Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda það upplýst, að Hagstofan hafi hinn 20. júlí 1954 ekki verið búin

að fá tilkynningu um aðsetursskipti gerðarpöla, sbr. rskj. nr. 6. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 73 frá 1952 um tilkynningar aðsetursskipta eigi að senda slíka tilkynningu, innan 7 daga frá því að flutningur hafi átt sér stað úr einu sveitarfélagi í annað. Upplýst sé einnig, að gerðarþoli hafi starfað á Keflavíkurflugvelli frá því í septembermánuði 1951, að hann fluttist frá Siglufirði, en hann hafi aldrei tekið sér þar fast aðsetur, og ekki hefur verið gerð nein krafa á hendur gerðarpöla þaðan um útsvarsgreiðslu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því enn fremur fram, að gerðarþoli telji sig hafa átt lögheimili á Siglufirði, allt frá því hann fluttist þaðan 1951 til ársloka 1953, og hafi allan þann tíma verið lögð á hann gjöld þar og hann greitt þau. Auk þess sem gerðarþoli hafi greitt kr. 1715.00 upp í útsvar sitt til Siglufjarðar 1954, og virðist hann með því viðurkenna útsvarsskyldu sína þar.

Umboðsmaður gerðarpöla hefur mótmælt því, að umbjóðandi hans hafi á nokkurn hátt viðurkennt útsvarsskýldu sína á Siglufirði gjaldár 1954, enda þótt atvinnurekandi hans héldi eftir af kaupum og greiddi hluta af útsvari hans samkvæmt kröfu Siglufjarðarkaupstaðar.

Upplýst er, að hinn 8. október 1954 ritaði oddvitinn í Öngulstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu héraðsdómaranum bréf og óskaði úrskurðar, sbr. lög nr. 95/1936, um það, hvort heimilisfang Steinþórs P. Árdals að Öngulstöðum sé lögmætt heimili og hvort Öngulstaðahreppur hafi rétt til að leggja útsvar á gerðarpöla Steinþór á því ári (1954). Er niðurlag úrskurðar sakadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 8. desember 1954 svohljóðandi: „Því úrskurðast: Heimilisfang Steinþórs Pálssonar Árdals var að Öngulstöðum í Öngulstaðahreppi, þegar álagning útsvara fór fram á þessu ári“.

Með framangreindum úrskurði sakadóms Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar er að vísu ekki kveðið á um útsvarsskyldu gerðarpöla gjaldárið 1954, heldur heimilisfesti hans, er álagning útsvara fór fram á því ári. En með því að hið síðasttalda atriði skiptir máli við ákvörðun þess, hvar útsvar skuli leggja á gjaldþegn, og einnig með hliðsjón af orðun úrskurðarbeiðinnar og forsendum úrskurðarins telur rétturinn sér eigi sem hliðsettum dómstól unnt, sbr. 196. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936, að kveða á um útsvarsskyldu gerðarpöla, og verður því að taka frávísunarkröfu gerðarpöla til greina.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá fógetaréttinum.